

# Starfsáætlun leikskóladeildar Stöðvarfjarðarskóla 2016 - 2017

Sími: 475-9050 netfang: [sto@skolar.fjardabyggd.is](mailto:sto@skolar.fjardabyggd.is)

Góðir foreldrar, hér fáist þið í hendur upplýsingar og starfsáætlun leikskólans veturinn 2016 - 2017.

Leikskólinn er opinn 07:55 - 16:00

Heimasíðan er [www.stodvarfjordur.is](http://www.stodvarfjordur.is)

## Starfsfólk deildarinnar.

Á deildinni sjá þær Inga og Sara um hina daglegu starfsemi. Einnig koma skólaliðarnir Eva María og Ingibjörg að starfinu, varðandi morgunmat, ávexti, hádegismatinn, þrif og afleysingar.

Ingibjörg Eypórsdóttir er deildarstjóri. Skólastjóri er Jónas E. Ólafsson.

Viðveran

Sara Jakobsdóttir; [saramikk@skolar.fjardabyggd.is](mailto:saramikk@skolar.fjardabyggd.is) Alla daga 7:55 - 12.45

Ingibjörg Eypórsdóttir; [ingaey@skolar.fjardabyggd.is](mailto:ingaey@skolar.fjardabyggd.is) Alla daga 09:00 - 16:00

Jónas E. Ólafsson; [jonas@skolar.fjardabyggd.is](mailto:jonas@skolar.fjardabyggd.is) Alla daga 8:00 - 16:00

## Nemendur eru að hausti:

Erna Björk	fædd 2012
Mikaela	fædd 2012
Ronja Mist	fædd 2012
María Ljósbjörg	fædd 2013
Aðalsteinn Bjartur	fæddur 2015

# Starfsemin

## Dagskipulagið

Byrjað er á rólegu viðfangsefni svo sem skoða bækur, pússla, ofl.

Morgunmaturinn byrjar klukkan 8:30.

Klukkan 09:00 byrjum við á dansi í nokkrar mínútur og svo í samverustund. Það er því mikilvægt að börnin séu mætt þá svo þau missi ekki af stundinni.

Dagskipulagið fylgir með á sér blaði og gott er fyrir ykkur að hafa það við hendina (eða í kústaskápnunum) svo þið getið kíkt á hvað er um að vera á hverjum degi og þar með er komið spjallefni við barnið ykkar.

Einnig fáíð þið viðburðadagatal í byrjun hvers mánaðar og sjáið þá í stórum dráttum hvað er um að vera þann mánuðinn og ef það er eitthvað um að vera sem ekki hefur verið sett á viðburðadagatalið þá auglýsum við það sérstaklega.

## Læsi

Eins og þið vitið er lögð mikil áhersla á læsi þessi misserin. Að sjáfsögðu höfum við verið að sinna því frá upphafi leikskólastarfsins. En nú ætlum við að reyna að gera það markvissara/upplýstara, með meiri upplýsingum til foreldra.

## Samverustund.

Farið er í hvaða dagur er, nöfn barnanna, hvað foreldrar og systkini heita, hvar á heima og afmæli. Æft í að standa fyrir framan hópinn að segja frá t.d hvað var gert um helgina. Farið í liti, tölur og form, sungið, lesið ofl.

( hvað er þetta??) LÆSI að sjálfsgöðu.

## Val

Reynt að leyfa börnunum að velja sjálf hvað þau vilja leika með. Stundum þarf að nefna nokkur atriði og þá kveikja þau á perunni. Ætlast er til þess að mestu leyti að börnin séu í þeim leik sem þau velja sér, fá þó að skipta eftir 20 mín. ef þau eru óánægð með það sem þau völdu.

## Hópastarfið

Tvisvar í viku eru skólaverkefni; á mánudögum, og miðvikudögum hjá eldri börnunum og sér Inga um þau og á sama tíma er Sara með þau yngri í verkefnum. Á fimmtudögum er listastund/þemavinna og þá erum við öll saman. Á þriðjudögum er farið í gönguferðir og einnig hreyfing inni á deildinni. Á föstudögum er jóga.

Eftir hádegi á fimmtudögum eru markvissir einingakubbar. Útivera er alla daga.

## Hvíld

Í leikskólanum hvíla öll börn sig eftir hádegið. Sumir sofa en aðrir hvílast á dýnum eða sitja við borð og hlusta á sögur. Við viljum því hafa rólega stund á milli 12:45 - 13:30 og biðjum við alla um að virða það.

## Veikindi/Innivera

Vinsamlegast látið vita ef barnið mætir ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Hafi barn verið veikt er heimilt að óska eftir því að það taki ekki þátt í útiveru. Þá er miðað við 2 daga eftir veikindi enda hafi barnið verið hitalaust a.m.k. 1 dag heima áður. Að öðru leyti er reiknað með að barnið geti tekið þátt í öllu starfi leikskólans, úti sem inni, þegar það mætir. **Lyfjagjöf er ekki leyfð í leikskólanum nema í undantekningartilfellum.**

Hafi barn verið fjarverandi vegna veikinda í a.m.k. 4 vikur er heimilt að fella niður dvalargjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs.

Ef barn er fjarverandi í 2 vikur samfelld eða meira fellur fæðisgjald niður, þann tíma, **enda sé fjarvera tilkynnt með fyrirvara.** Leikskólagjöld falla niður í samfelldu sumarfríi barna. Boðið er upp á 4, 6 eða 8 vikur.

## Eitt og annað

Við viljum minna á að nauðsynlegt er að börnin hafi meðferðis föt er hæfa veðri hverju sinni, kuldagalla, pollaföt, hlífðarbuxur og þ.h.

Þessi föt mega hanga í hólfum barnanna alla vikuna en vinsamlega takið þau heim á föstudögum.

Vinsamlega kíkið reglulega í kassann til þess að vita hvort það vantar í hann. Það er ekki gott fyrir barnið ef það vantar húfu, vettlinga eða eitthvað annað, við höfum engin föt til að lána.

Við minnum líka á það að fötin sem börnin eru í á leikskólanum eru vinnuföt. Börnin fara að sjálfsögðu í svuntu þegar þau eru að vinna sullvinnu en alltaf geta komið fyrir óhöpp og þá er leiðinlegt ef það er ný og góð flík. Ekki er tekin ábyrgð á fatnaði sem skemmist.

### **Munið að kíkja reglulega í kassann með aukafötunum**

Í kassanum á að vera: peysa, buxur, nærföt, sokkar og ullarsokkar, gammosíur, og vettlingar.

Við viljum biðja ykkur foreldrar góðir að virða stundaskrána, þ.e. koma með barnið ekki seinna en klukkan 8:30 ef það á að fá morgunmat og að koma klukkan 09:00 vegna samverustundarinnar.

Það er mjög truflandi að börnin séu að mæta þegar verið er í samverustund eða öðru hópastarfi.

Þannig að ef þið foreldrar góðir getið af einhverjum ástæðum ekki komið með barnið ykkar á umsóttum tíma, vinsamlega lítið þá á stundaskrána og sjáið hvenær hentugt er að kom með barnið.

Ef barnið er veikt eða í fríi vinsamlegast hringið og látið vita.

Vinsamlega komið með barnið inn á deild og vera viss um að starfsmaður taki á móti því.

Jafnframt viljum við minna ykkur á að virða umsóttan vistunartíma. Þ.e. ekki koma of snemma með barnið og ekki sækja það of seint. Við merkjum við í þau skipti sem það gerist. Varðandi garðhliðið; vinsamlega lokið því ALLTAF og látið slyskjuna fyrir.

Við leggjum mikla áherslu á að börnin séu ánægð og glöð í leikskólanum og að þeim finnist gaman að vera hér og hafi gaman af því sem við erum að gera. Þannig læra þau líka best.

Gott samstarf milli foreldra og starfsfólks er mjög mikilvægt.

Barnið er jú það sem sameinar okkur og við viljum auðvitað að barninu líði sem allra best.

Fjarðabyggð er búin að innleiða í alla skóla sína uppeldisstefnu sem ber heitið „Uppeldi til ábyrgðar“ og hefur verið kynnt ykkur að einhverju leyti. Ef þið hafið áhuga á að kynna ykkur þetta betur, þá er hægt að nálgast bækurnar í bókasafninu.

Þær heita „Barnið mitt er gleðigjafi„ og „Sterk saman“ sem er meira byggð á leiðsögn um erfið börn.

Fleira verður nú sjálfsagt um að vera og verður það auglýst jafnóðum.

Munið einkunnarorðin okkar.

## Gagn og gaman

Okkur finnst þessi orð segja það sem okkur langar til að leikskólinn okkar standi fyrir og ykkur er velkomið að nota þau á það sem við kemur leikskólabarninu ykkar.

Með kveðju og ósk um góðan vetur,  
starfsfólk leikskólans.